

## Brúum bilið, samstarf Grunnskólans í Sandgerði og leikskólans Sólborg Sandgerði



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Grunnskólinn í Sandgerði.

**Nafn verkefnis:** Brúum bilið, samstarf grunnskólans í Sandgerði og leikskólans Sólborg Sandgerði.

**Nafn verkefnisstjóra:** Gróa Axelsdóttir.

**Markmið verkefnis:**

- ❖ er að stuðla að vellíðan barna við flutning á milli skólastiga, gera börnin örugg fyrir áframhaldandi skólagöngu.
- ❖ Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.
- ❖ Að efla tengsl barnanna við fyrrum féлага sína úr leikskólanum.
- ❖ Að auka jákvæðni og bæta umræður á báðum skólastigum og að gefa kennurum kost á að kynnast starfi hvers annars.
- ❖ Til að börnin fái sem mest út úr báðum skólastigum er mikilvægt að bæði skólastigin nýta það besta sem hitt hefur upp á að bjóða.
- ❖ Að leikskólinn geti nýtt sér þekkingu grunnskólakennarans með málvitund og rökhugsun til að geta stutt börnin fyrstu spörin í lestrar- og stærðfræðikennslu.
- ❖ Að grunnskólinn geti nýtt sér þekkingu leikskólakennarans við að nema í gegnum leik, að virkja sköpunargleði og horfa til einstaklingsþarfa barnanna.
- ❖ Efla fagvitund leik- og grunnskólakennara.

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum:**

Umsjónarkennarar 1.bekkjar og leikskólakennarar skólahóps ásamt verkefnastjóra hittust og fóru yfir skipulag vetrarins. Skipulag vetrarins var með fjölbreyttu sniði, nemendur 1.bekkjar og skólahóps skiptast á að fara í leik- og grunnskólans. Nemendur leikskólans kynnast skólaumhverfinu, eru í tímum með 1.bekk, fara í mat, í íþróttir, á bókasafnið, í heimsókn í textíl, tölvu og náttúrufræði. Einnig taka þeir þátt í þemadögum, íþróttadegi og árshátíð. Nemendur 1.bekkjar halda tenginu við leikskólann, fara í umhverfi sem þau þekkja og halda áfram að læra í gegnum leikinn. Einnig fóru kennarar beggja stiga í heimsókn og fylgdust með starfinu, á leikskólanum fylgist grunnskólakennarinn með vinnustund þar sem unnið var með könnunaraðferðina og leikskólakennararnir fylgdust með stafainnlögn og lestrarkennslu.

**Frávik miðað við áætlun verkefnisins:**

Áætlunin stóðst í grunnvallaratriðum fyrir utan að erfitt reyndist að fá skil á spurningarkönnunum frá foreldrum.

**Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu.**

Mesti ávinningur verkefnisins er að nemendur skólahóps voru mun öruggari við upphaf 1.bekkjjar í grunnskólanum. Þau voru kunnug umhverfinu og höfðu í raun farið um allan skólann í vinnu vetrarins og kynnst starfsfólki skólans. Einnig voru nemendur 1.bekkjjar mjög ánægðir með að viðhalda tengslum við starfsfólk leikskólans og það umhverfi sem þau voru kunnug, sem og nemendum af leikskólanum.

Kennarar beggja skólastiga kynntu sér starfið og eru nú mun upplýstari um það sem fer fram hvort sem er á leikskólanum eða í grunnskólanum. Þeir hafa meiri skilning og fengu ýmsar góðar hugmyndir til að nýta sér í starfinu.

Það má því með vissu segja að gott samstarf og vinna yfir veturinn á milli leik- og grunnskóla fyrir upphaf grunnskóla skili sér í öruggari og jákvæðari einstaklingum. Tengsl sem komin eru til að vera og eflir nemendur og kennara beggja skólastiga.

**Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Verkefnið hefur gengið vel og skilað af sér ánægðum nemendum sem eru öruggir og líður vel með þær breytingar sem eiga sér stað við það að fara af leikskóla yfir í grunnskóla og einnig eru nemendur 1.bekkjjar mjög ánægðir að halda í tengslin við leikskólann og leikinn. Kennarar 1.bekkjjar eru nú með betri skilning á því starfi sem fer fram í leikskólanum og leikskólakennararnir eru nú með betri sýn og skilning á skólaumhverfinu og lestrarkennslunni. Á leikskólanum er unnið með könnunaraðferðina sem grunnskólinn mun nú nýta sér í kennslu við sérdeild grunnskólans.

Við undirbúning á samvinnu leik- og grunnskólans skólaárið 2011-2012 á sameiginlegum fundi var hugmynd að byrja með markvissari vinnu með lestur. Því munu sameiginlegu tímarnir einskorðast við íslensku og lestrarkennslu. Unnið verði með stafi og lestur jafnt í grunnskólanum og leikskólanum. Frekari skipulag verður farið í núna í byrjun september þar sem kennarar beggja stiga hittast og gera plan fyrir veturinn. Verkefnið hefur hrint af stað samstarfi um bættan árangur í lestri og markvisst samstarf um lestrarkennslu og upplýsingaflæði til foreldra um mikilvægi þeirra í lestrarnámi barna sinna og málörvunar.

### **Niðurstöður verkefnisins:**

Lögð var fyrir foreldra 5 ára barna könnun um haustið og foreldra 6 ára barna um vorið. Niðurstöður sýna að foreldrar beggja hópa telja að samstarf leik- og grunnskóla sé mjög mikilvægt fyrir barnið og undirbúning þess fyrir komandi skólagöngu í grunnskólanum. Spurt var hvort foreldrar undirbyggðu barnið sitt sérstaklega fyrir grunnskólans og var meirihluti sem undirbjó barnið með fræðslu, lestri og skrift, jákvæðu hugarfari o.s.frv. Einnig leituðum við eftir hjá foreldrum hvort þeim finnst samstarf heimilis og skóla skipta máli fyrir velferð barnsins síns og í niðurstöðum kom sterkt fram að þeir telji að samstarfið skipti miklu máli. Ástæður séu þær að barninu gangi betur í skólanum, svo hægt sé að fylgjast með og vinna saman. Það hjálpar þeim betur að aðlagast. Barnið finnur fyrir öryggi og stuðlar að betri þroska og námi. Spurt var líka um lestur, hvort lesið væri fyrir barnið og þá hversu oft. Samkvæmt foreldrum þá lesa þau öll fyrir barnið sitt en misjafnlega mikið, allt frá einu sinni í viku upp í á hverjum degi.

Út frá niðurstöðum kannananna sem lagðar voru fyrir foreldra og spjalli við leik- og grunnskólakennarana kemur skýrt og greinilega fram að sú vinna sem fór fram hafi skilað góðum árangri í að gera börnin tilbúin fyrir grunnskólann, hafi komið í veg fyrir vanlíðan og óöryggi sem og að gera 1. bekkjar nemendum kleift að halda í tengsl og traust við leikskólann, starfsmenn og aðra nemendur.

Í framhaldi höfum við ákveðið að fara í vinnu tengda lestri og stafainnlögn sem unnið verður sameiginlega á föstudögum í samstarfi leik- og grunnskólans. Samstarfið heldur áfram á svipuðum grundvelli með nýjar áherslur sem eiga vonandi eftir að skila sér í lestrarárangri barnanna í Sandgerði.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.**

Verkefnið verður kynnt á heimasíðu grunnskólans, leikskólans og vef Sandgerðisbæjar. Einnig verða niðurstöður kynntar fræðsluráði.